

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er engum efa bundið að málsmeðferð og öll vinnubrögð ríkisstjórnarinnar varðandi frumvarp þetta eru með einstökum hætti. Í stað þess að leggja fyrir Alþingi tillögur til lausnar vandamálnum, sem lengi hafa verið boðaðar og beðið hefur verið eftir, er lagt fram frumvarp sem staðfestir algjört úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í viðureigninni við verðbólguna.

Eftir fyrstu fjóra mánuði þessa árs er þjóðin jafnnær og áður um stefnu ríkisstjórnarinnar, enda ekkert samkomulag þar um, og á síðustu dögum fyrir 1. maí er sett saman frumvarp, sem Alþingi er ætlað að samþykkja, nánast án umfjöllunar.

Hér er haldið uppteknum vinnubrögðum frá s. l. ári, sem endurspegluðust þá í útgáfu bráðabirgðalaga á gamlársdag, aðeins 10 dögum eftir að Alþingi fór í jólaleyfi.

Nú eru Alþingi ætlaðir aðeins þrír sólarhringar til umfjöllunar frumvarps ríkisstjórnarinnar og ekki hægt að skipuleggja svo störfina að þingmenn fái tækifæri til þeirrar athugunar og umfjöllunar sem slík lagasetning krefst.

Þrátt fyrir athugasemdir fulltrúa Seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóða, fulltrúa atvinnulífsins, svo og sérfræðinga, sem kvaddir voru á fund nefndarinnar þann eina dag sem nefndinni var ætlaður til starfa, gafst ekkert tækifæri til efnislegrar umræðu um málið, þaðan af síður skoðunar. Ríkisstjórnin hafði ákveðið að málið skyldi afgreitt skv. pöntun og telur sér sjálfsagt hagstæðast að Alþingi hafi sem minnstan tíma til umfjöllunar.

Í frv. fyrirfinnst ekkert af þeim meginúrræðum, sem blöð stjórnarflokkanna og fjölmiðlar hafa sagt að til umræðu væru innan ríkisstjórnarinnar til viðnáms gegn verðbólgunni, t. d. lækkun tolla eða söluskatts, svo ekki sé minnst á það sem framsóknarmenn hafa kallað af sinni hálfu raunverulega „niðurtalningu“ verðbólgunnar. Í þeim úrræðum felst að „telja niður“ alla þætti, þ. á m. verðbætur á laun á þriggja mánaða fresti. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sýna einnig þá togstreitu, sem ríkir innan ríkisstjórnarinnar. Hún setti bráðabirgðalög á gamlársdag sem að sögn ráðherra var ekki farið að móta í einu eða neinu á aðfangadag jóla, og nú hefur hún haft 4 mánuði til þess að framfylgja næsta áfanga í efnahagsáætlun sinni. Bráðabirgðalögin um áramótin fólu í raun í sér eitt úrræði í verðbólguhjöðnun, þ. e. a. s. 7% skerðingu kaups og flestra bóta almannatrygginga. Nú fyrirfinnst ekkert úrræði til raunverulegrar hjöðnunar verðbólgu nema þriðja afbrigði svokallaðrar verðstöðvunar, sem í besta falli heldur aftur af verðhækkunum í bili, en leiðir til enn þá meira verðhækkanaflóðs síðar, ef ekki á að stöðva atvinnuvegina. Slík er upplausnin, — innbyrðis togstreita og sundurþykkja ríkisstjórnarinnar. Afleiðingin er sú að verðbólgan heldur áfram að grafa undan heilbrigðum atvinnurekstri, draga úr lífskjörum og sýkja íslenskt þjóðlíf.

I. Efni frumvarpsins.

Þetta frumvarp felur í sér eftirfarandi höfuðatriði:

1. Með frv. er ætlunin að lögfesta þriðja afbrigði „verðstöðvunar“ í tíð núverandi ríkisstjórnar með nýrri nafngift. Verðbólgan fer þó vaxandi næstu mánuði skv. spá Þjóðhagsstofnunar, og er það í fullu samræmi við reynslu af slíkum úrræðum. Viðnám gegn verðbólgu er ekki veitt með frv., heldur þvert á móti.
2. Frv. gerir ráð fyrir áframhaldandi spennitreyju lögbundinna verðlagshatta sem drepa atvinnulífið í dróma og valda atvinnuleysi þegar fram í sækir.
3. Verðlagshöftunum er sérstaklega beint gegn innlendum iðnaði og innlendri þjónustustarfsemi og þar með gegn atvinnuöryggi íslenskra launþega. Framleiðsluvörur útlendinga á íslenskum markaði eru nánast undanþegnar ósköpunum.

4. Verðlagshöftin verða nú lögbundin við ákveðin ársfjórðungsleg heildarmörk þannig að í landinu verði „heildarhækkun ekki umfram þessi tímasettu mörk“, svo vitnað sé beint í framsöguræðu forsætisráðherra. Með þessu er tekinn upp sá háttur, að lögbundin pólitísk markmið verði höfð að viðmiðun við ákvörðun á verðlagningu á vörum og þjónustu, en horfið frá því að sannanlegur kostnaður fyrirtækja, sem eru vel rekin, fáiast uppi borinn og að þeir, sem best standi sig í frjálsri samkeppni, hafi áhrif á vöruverð til hagsbóta neytenda.
5. Þessum verðlagshöftum á að fylgja fram með lögbannsaðgerðum, þótt ekkert liggja fyrir um að lögleyft söluverð nægi til að firra fyrirtækin taprekstri.
6. Með frv. yrðu lögfestar heimildir til handa Seðlabanka Íslands til þess að skylda banka, sparisjóði og innlánsdeildir til að binda ótiltekinn hluta af aukningu spariinnlána í Seðlabankanum. Hámark þessarar bindiskyldu er 28% af spari-fjárukningu skv. núgildandi lögum. Slík heimild án efri marka er nánast afsal Alþingis á stjórn peningamála að þessu leyti í hendur framkvæmdavaldsins og gæti leitt til stórákunnar miðstýringar fjármagns í framkvæmd, enda frekleg notkun hennar tæpast talin standast eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.
7. Í 5. gr. felast heimildir fyrir stjórn Seðlabankans til að mismuna innlánsstofnunum í bindiskyldu. Þetta ákvæði er svo fráleitt, að bankastjóri Seðlabankans talaði um á fundi nefndarinnar, að bankinn óskaði ekki eftir slíkri „geðþóttaheimild“, jafnframt því sem upplýst var að stjórnendur Seðlabankans sáu fyrst 5. gr. frv. eftir að það kom úr prentun.
8. Gerð frumvarpsins er í samræmi við efni þess. Flaustrið er slíkt á síðustu stundu að úr verður með ólíkindum flaustursleg og óhrjáleag lagasmíð, svo ekki sé meira sagt. Í 4. gr. frv. framselur Alþingi löggjafarvald til ríkisstjórnarinnar, sem vafasamt er talið að standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Svo gæti einnig reynst um ákvæði í 1. og 5. gr. í framkvæmd.

Í veðri er látið vaka að þetta frv. sé liður í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar um viðnám gegn verðbólgu. Í því sambandi vekur athygli að ekkert ákvæði frv. hefur bein áhrif á þróun verðlags þegar til lengdar lætur. Þau verðlagshöft, sem frv. gerir ráð fyrir að lögfesta og eru eitt afbrigði „verðstöðvunar“, munu þegar til lengdar lætur auka á vanda verðbólgunnar, auk þess sem þau eru einn þáttur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem er hættulegur atvinnuöryggi almennings ásamt með lögbundinni hávaxtastefnu og falskri gengisskráningu. Þessa þætti efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar mætti nefna uppskrift fyrir atvinnuleysi, eins og á hefur verið bent áður í málflutningi sjálfstæðismanna á yfirstandandi þingi.

Reynslan sýnir gagnsleysi verðlagshafta yfir lengri tíma í viðureigninn við verðbólgu. Glögg dæmi er hvernig verðlagningu á sementi hefur verið háttað undanfarin ár með þeim afleiðingum, að nú er verðhækkunarþörfin orðin langtum meiri en ella hefði orðið. Rekstrarstöðvun er yfirvofandi hjá Sementsverksmiðju ríkisins, óreiðuskuldir hlaðast upp með tilheyrandi vaxtasúpu, ekki er til fé til hagræðingar og endurbóta, jafnvel ekki oliukaupa o. s. frv. Afleiðingin er dýrara sement og vanmáttur fyrirtækisins til greiðslu hærri launa til starfsmanna sinna.

Nú þegar skipta á um nafn á „hertri verðstöðvun“, sem gilt hefur frá áramótum, liggja fyrir verðhækkunarbeiðnir hjá Verðlagsstofnun, sem nema hjá einstökum aðilum allt að 85% og hjá flestum opinberum þjónustustofnunum nærri 40%. Til þess að ná vísitölu framfærslukostnaðar niður í 8–9% hækkun 1. maí er það ætlun ríkisstjórnarinnar að hækka verð opinberrar þjónustu um nál. ¼ af þeirri þörf sem opinberar stofnanir, eins og Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Póstur og sími o. fl., telja sig þurfa til þess að komast hjá skuldasöfnun. Í raun er hér verið að flytja til og fresta vandamálunum. Út yfir tekur þó ef öllum öðrum hækkunum á meðfylgjandi lista, sem birtur er í forskj. og fjárhags- og viðskiptanefnd fékk í hendur hjá Verðlagsstofnun, á að fresta fram

yfir 1. maí, svo að áhrif af þessum verðhækkunum komi ekki fram fyrr en í útreikningi framfærsluvisitölu 1. ágúst!

Þannig er vandanum áfram skotið á frest, hluta raunverulegra verðhækkana haldið undir yfirborðinu með þeim afleiðingum, að verðhækkningar skella á af enn þá meiri þunga síðar, ef atvinnuvegirnir eiga að skrimta. Í rauninni hafa fyrirtækin barist í bökkum, ekki getað hagrætt né endurskipulagt reksturinn til hagsbóta fyrir sig og starfsfólk sitt. Verðlagshöft magna fremur verðbólgu en hitt, þegar til lengdar lætur, og framar öllu öðru skerða þau lífskjör almennings. Þótt gripið sé til slíkra óyndisúrræða sem áframhaldandi verðlagshafta og eigi að endurtaka feluleikinn fyrir 1. ágúst, verður flóð verðhækkana ekki stöðvað. Verðbólguþá Þjóðhagsstofnunar er því þessi:

Hækkun framfærsluvisitölu:

1. ágúst 9%

1. nóv. 11%

Í fyrra spáði þessi sama stofnun eftirfarandi hækkun framfærsluvisitölunnar:

1. ágúst 9%

1. nóv. 10%

Þannig hefur í raun ekkert áunnist í viðnámi gegn verðbólgunni þrátt fyrir verðstöðvun og 7% kaupskerðingu frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum.

## II. Afstaða sjálfstæðismanna.

Þegar bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá því á gamlárskvöld voru til afgreiðslu hér á Alþingi gerðu sjálfstæðismenn í nefndarálitum og með flutningi breytingartillagna grein fyrir sjónarmiðum sínum og tillögum í verðlagsmálum. Þar kom fram með hvaða hætti sjálfstæðismenn legðu til að komist yrði út úr þessari verðstöðvun, sem lögbundin hefur verið s.l. 10 ár, og atvinnuvegirnir leystir úr þeim þrengingum sem þeir hafa verið settir í af núverandi ríkisstjórn. Jafnframt voru bornar fram tillögur um skattalækkunar svo og lækkunar á vörugjaldi, sem hefðu numið 25 milljörðum gkr., og samdrátt í ríkisútgjöldum á móti, sem hefði í för með sér 2% lækkun framfærslu- og verðbótavísitölu 1. maí.

Þessar tillögur sjálfstæðismanna varu felldar, en flokksstjórnarfundur framsóknarmanna gerði síðar nokkrar af tillögum okkar af sínum. Steingrímur Hermannsson, formaður flokksins, taldi þær nú það helsta, sem að gagna gæti komið í viðureigninni við verðbólguna, og lagði þær fram í ríkisstjórn, en hefur ekki fengið undirtektir þar.

Þrátt fyrir óverjandi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar vilja sjálfstæðismenn gera enn eina tilraunina til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi stöðvun atvinnuveganna, sem stefnir atvinnuörygginu í voða, með flutningi breytingartillagna við frumvarp þetta er varða verðlagsmálin.

Við 1. gr. frv. flytjum við breytingartillögu þar sem gert er ráð fyrir aðlögunartímabili 1. maí til 1. ágúst sem nauðsynlegum aðdraganda að því markmiði í verðlagsmálum, sem stefnt var að með setningu laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn beittu sér fyrir og fengu lögfest.

Þá er í breytingartillögunum mörkuð framtíðarstefna í verðlagsmálum. Er þar lagt til að upphafleg ákvæði 8. og 12. greinar laga nr. 56/1978 taki gildi. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru 1. ágúst, falli úr gildi eftir 1. desember n. k. nema verðlagsráð hafi tekið afstöðu til þeirra fyrir þann tíma. Eru ákvæði þessa liðar í samræmi við þá framkvæmd verðlagsmála sem gert var ráð fyrir með setningu laga nr. 56/1978, þannig að hafist verði handa á ný á þeirri braut sem þá var mörkuð.

Við 4. gr. frv. er lagt til að niður falli það ákvæði, sem talið er vafasamt að standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Við erum andvígir 2. gr. frv. og teljum að slík lagasetning sé andstæð þeim grundvallarsjónarmiðum, sem liggja að baki þeim réttarfarsaðgerðum sem felast í lögunum um kvæðningu og lögban.

Þá erum við andvígir 5. gr. frumvarpsins. Við teljum með öllu óverjandi að Alþingi afsali sér því ákvörðunarvaldi í stjórnun peningamála. Við teljum, að 28% af þeirri sparifjár aukningu, sem spáð er 1981. eða um 450 millj. nkr., muni fullkomlega gera Seðlabankanum kleift að sinna endurlánakaupum eins og þau eru nú, og erum sammála stjórnendum bankans, að fremur ætti að minnka endurkaup Seðlabankans og lækka bindingu sparifjár innlánsstofnana á móti.

Við 3. gr., um lækkun vörugjalds á gosdrvkkjum, höfum við síður en svo athugasemdir, en hún sýnir m. a. það handahóf og stefnuleysi, sem er einkennandi fyrir störf núverandi ríkisstjórnar.

Um það, sem ekki fékkst unnlýst af áformum ríkisstjórnarinnar um einstaka þætti sem við koma efnahagsmálum og ekki krefjast lagasetningar, getum við að sjálfsögðu ekkert dæmt. Líóst er þó af því, sem tæpt var á, að ekki hefur orðið samkomulag um neinar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, enda margsannað, að núverandi ríkisstjórn létur höðum og bönnum Albúðubandalagsins, sem í raun hefur ekki áboga á því að ráða niðurlögum verðbólgunnar og tryggja undirstöðuáttvinnuvegi bióðarinnar.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Matthías Á. Mathiesen,  
frsm.

Matthías Biarnason.

Albert Guðmundsson.

## Fylgiskjal I.

### Óafgreiddar verðhækkunabeiðnir.

| Hjá verðlagsráði:                                 | Hækkunarbeiðnir í %          |
|---|------------------------------|
| 1. Hámarksverð á saltfiski .....                  | 30                           |
| 2. Hámarksverð á brauðum .....                    | 7,7—21,1                     |
| 3. Hámarksverð á sementi .....                    | 19                           |
| 4. Stevna án sements .....                        | 25                           |
| 5. Sandur og mól .....                            | 15                           |
| 6. Niðursoðið fiskmeti .....                      | 13,8—18,3                    |
| 7. Ollufarmgjöld innanlands .....                 | 65                           |
| 8. Landvari .....                                 | 14,2—34,9 (meðalt. ca. 16%). |
| 9. Skipafarmgjöld og vörnafgreiðslugjöld .....    | 16 og 30                     |
| 10. Farmgjöld sérlevfishafa .....                 | 23,6                         |
| 11. Álagning á innfluttar mat- og vefnaðarvörur   |                              |
| 12. Krónuföluálagning í verðlagsákvæðum           |                              |
| 13. Afgreiðslugjöld v/vöruúttektar                |                              |
| 14. Vinnuvélar .....                              | 26                           |
| <b>Hjá Verðlagsstofnun í umboði verðlagsráðs:</b> |                              |
| 1. Dósir (dósagerðin) .....                       | 15                           |
| 2. Skór (Iðunn) .....                             | 13                           |
| 3. Sælæti (Linda, Síríus, Opal, Freyja) .....     | 10—14                        |
| 4. Maískorn (Ora) .....                           | 2,2                          |
| 5. Framleiðsluvörur Rafha .....                   | 6,5                          |
| 6. Efnagerðarvörur (Reckord) .....                | 2,2—70                       |
| 7. Kolsýra (Eimur) .....                          | 11,3                         |

|  | Hækkunarbeiðnir í %                     |
|--|---|
| 8. Hreinlætisvörur (Frigg) .....                   | 5,3                                     |
| 9. Plastumbúðir (Reykjalundur) .....               | 7,24                                    |
| 10. Einkennisfatnaður (Últíma) .....               | 6                                       |
| 11. Vinnuföt (S.Í.S.) .....                        | 15                                      |
| 12. Rafmagnsvörur o. fl. (Plastmótun) .....        | 8                                       |
| 13. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja .....       | 20                                      |
| 14. Bón og þvottur (Bliki) .....                   | 19                                      |
| 15. Aðgöngumiðaverð að vínveitingahúsum .....      | 38                                      |
| 16. Bylgjupappakassar (Kassagerð Reykjavíkur)      |   |
| 17. Hreinlætisvörur (Mjöll, Sjöfn og Hreinn) ....  | 6                                       |
| 18. Plastos h/f                                    |   |
| 19. Amboð  |   |
| 20. Framl. vörur Ora ótaldar annars staðar .....   | 6,7—29                                  |
| 21. Kex (Frón) .....                               | 8,8—14                                  |
| 22. Málningarvörur (Málning hf., Harpa, Slippfél.) | 14,6—14,9                               |
| 23. Tropicana .....                                | 15                                      |
| 24. Floridana .....                                | 18,5                                    |
| 25. Gaffalbitar (K. Jónsson) .....                 | 40,7                                    |
| <b>Hjá ráðuneytum:</b>                             |   |
| Áburður .....                                      | 85                                      |
| Póstur og sími .....                               | 37                                      |
| Skipaútgærð ríkisins .....                         | 35                                      |
| Strætisvagnar Reykjavíkur .....                    | 40                                      |
| Gjaldskrár hafna .....                             | 20                                      |
| Hitaveita Reykjavíkur .....                        | 43                                      |
| Landsvirkjun .....                                 | 42,5                                    |
| Rafmagnsveita Reykjavíkur .....                    | 20,8 afleiðing af hækkun Landsvirkjunar |
| Sundstaðir .....                                   | 7—20                                    |

Á listann vantar yfirlit yfir orkufyrirtæki úti á landsbyggðinni.

## Fylgiskjal II.

Fjárhags- og viðskiptanefnd n.d.  
Hr. Halldór Ásgrímsson, form.  
Alþingi,  
101 Reykjavík.

29. apríl 1981.

Verzlunarráð Íslands varar Alþingi mjög alvarlega við afleiðingum þess að lögleiða 1. og 2. gr. frumvarps til laga um verðslagsaðhald o. fl. (306. mál). Harkaleg verðmynndunarhöft síðustu mánuði og ítrekuð afskipti ríkisstjórnarinnar af störfum verðlagsráðs og synjanir um eðlilegar leiðréttingar á verði vöru og þjónustu hafa skapað mikla rekstrarerfiðleika hjá fjölda fyrirtækja. Án leiðréttingar eru rekstrarstöðvanir á næsta leiti.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins eru boðaðar áframhaldandi, og jafnvel enn harkalegri aðgerðir gegn atvinnulífinu, sem Verzlunarráð Íslands túlkar sem ógnun við atvinnufrelsi manna og grófa ögrun við frjálsa atvinnuhætti. Mun Verzlunarráð Íslands ekki láta afskiptalaust, að félagar þess verði í skjóli vafasamra lagaákvæða beittir ofríki og valdriðslu, án þess að koma þeim til aðstoðar eftir þeim lögmetu leiðum, sem að gagni mega koma.

Í fjórutíu aldir hafa verðmyndunarhöft sannað gagnsleysi sitt í að ráða niðurlögum verðbólgu. Hagfræðin bendir einnig til sömu niðurstöðu og reynslan sýnir í hagsögunni. Þvert á móti auka verðmyndunarhöft verðbólguna, leiða til óhagkvæmni í atvinnulífinu, skapa iðulega vöruskort og jafnan lélegri vörugæði, þegar þeim er beitt af hörku til lengri tíma, og bjóða heim valdniðslu, spillingu og lögbrotum. Verðmyndunarhöft eru hins vegar kjörin leið til að beita atvinnulífið ofríki og koma rekstri fyrirtækja á kné.

Verzlunarráð Íslands leggur því á það ríka áherslu, að þeirri skaðlegu verðstöðvun, sem beitt hefur verið s.l. 10 ár, verði hætt og verðmyndunarákvæði laga nr. 56/1978 verði látin taka gildi á þessu ári í upphaflegri mynd.

Með virðingu  
Verzlunarráð Íslands  
Árni Árnason  
framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal III.

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar,  
Alþingi,  
Reykjavík.

29. apríl 1981.

Í tilefni af frumvarpi til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana vekur Félag ísl. stórkaupmanna athygli á þeirri hættu sem felst í að skerða enn frekar tekjumöguleika fyrirtækja og há sérstaklega verzlunarinna með óraunhæfum verðstöðvunaraðgerðum sem ekki taka mið af margsannaðri nauðsyn fyrirtækja til eðlilegra tekjumöguleika í baráttu þeirra gegn verðbólgunni.

Félag ísl. stórkaupmanna varar einnig við því að taka almennt ákvörðunarvald í verðlagsmálum úr hendi verðlagsráðs og færa það yfir til ríkisstjórnar og minnir sérstaklega á í því sambandi afdrif ákvarðana verðlagsráðs hvað varðar endurmat vörubirgða og álagningu á varahlutum.

Félag ísl. stórkaupmanna leggur til að 2. gr. frumvarpsins verði felld niður. Þessi grein varðar deilufni sem oftlegast þurfa úrskurðar dómstóla og engin eðlileg rök mæla með því að til svo harkalegra aðgerða sem lögbanns sé grípið, bar sem nügildandi lagaákvæði og venjuleg fjölmiðlaumfjöllum gefi fullnægjandi árangur.

Virðingarfyllt,  
Félag ísl. stórkaupmanna.  
Jónas Þór Steinarsson.